

Nr. 17-047 S 032 Hugrún GK 70**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 7021
Útgerð: Hugrún 7021 ehf.
Smíðaður: Samtak, 1987, Trefjaplast.
Stærð: 5,68 brl. 4,86 bt.
Mesta lengd: 7,73 m Skráð lengd: 7,65 m
Breidd: 2,68 m Dýpt: 1,46 m
Vél: Yanmar, 58,80 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 1



Hugrún©Bátar&búnaður

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 8. maí 2017 var báturinn Hugrún GK 70 á strandveiðum í Grundarfjarðarbrún við Snæfellsnes. Veður: VSV 5 m/s.

Á veiðum kom upp vélarbilun í bátnum og nærstaddur bátur Hafdís RE 79 dró bátinn til hafnar í Ólafsvík.

Við rannsókn kom fram:

- að við rannsókn málsins kom í ljós að báturinn hafði verið dreginn þrisvar í land frá upphafi vertíðar sökum bilana;
- að í þetta sinn komst komst sjór í lest þar sem skipstjórinn gleymdi að stöðva sjóspúl bátsins;
- að sjór lak frá lest yfir í vélarúm í gegnum rafmagnsgegnumtak;
- að sjálfvirkar lensidælur fyrir lest og vélarúm voru báðar óvirkar;
- að sjór komst inn á gír aðalvélar;
- að skipt var um lensidælu í vélarúmi og var í lagi eftir það;
- að rafmagnsbilun var við lensidælu í lest, sambandsleysi í skiptirofa fyrir lensidæluna í stjórnþúlti (auto-hand rofi) og einnig sambandsleysi í haldara fyrir öryggi fyrir lensidæluna. Einnig var skipt um flotrofa á lensidæluni;
- að hálfum mánuði síðar bilaði startarinn við aðalvélinu þegar báturinn var á veiðum;
- að þremur vikum síðar bilaði gír aðalvélar þrátt fyrir að hann hafi verið skoðaður og skipt um olíu á honum nokkrum sinnum eftir atvikið.

Nefndarálit:

Nefndi telur að báturinn hafi ekki verið haffær þegar hann hélt á sjó með báðar lensidælur óvirkar og lekt á milli lestar og vélarúms.